

**Nd.**

## **506. Nefndarálit**

[5. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd klofnaði í afstöðu sinni til frumvarps til útvarpslaga. Fyrsti minni hl. nefndarinnar er þeirrar skoðunar að frumvarpið sé ekki nógu vel úr garði gert til þess að marka þau tímamót í útvarpsmálum þjóðarinnar sem því er ætlað. Furðu sætir að við skulum yfirleitt vera að ræða um hvort, hvernig og þá hvenær við ætlum að rýmka þá einokunarlöggjöf sem núverandi lög eru.

Aðstæður þær, sem fyrir hendi voru á þeim tíma sem ríkisstjórnin lagði hvað mesta áherslu á að afgreiða frumvarpið, voru um margt sérstæðar. Þá var hafður uppi mikill fjölmiðlaáróður í verkfalli BSRB. Menntamálaráðherra, sem lagði frumvarpið fram, virtist í fyrstu hafa hugsað sér það sem mótaleik við harkalegum aðgerðum verkfallsmanna. Þannig var bætt inn í frumvarpið grein sem gerði ráð fyrir að frumvarpið, yrði það að lögum, tæki gildi 1. nóvember 1984. Í ljósi þess, að nánast eingöngu aðilar í pólitískum tengslum við forustu Sjálfstæðisflokksins voru í stakk búnir til að hefja útsendingar með svo stuttum fyrirvara, var þessi breyting menntamálaráðherra óeðlileg.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar er hlynntur frjálsum útvarpsrekstri og vill greiða fyrir málinu að svo miklu leyti sem unnt er án þess þó að flautursleg vinnubrögð komi niður á lagasmíðinni. Það er ljóst að frumvarpið ber með sér ör pólitískra átaka og málamiðlana innan þeirrar nefndar sem samdi það. Að öðru leyti hefur afstaða fyrsta minni hl. komið skýrt fram og breytingartillögur liggja fyrir.

Það er ekki hægt að fallast á að útvarpsréttarnefnd eða útvarpsráð, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir þeim, gegni þeim hlutverkum sem þeim er ætlað. Það aðhald, sem fjölmiðlum er nauðsynlegt, er nú þegar til í gildandi lögum. Má þar nefna lög um vernd barna og ungmenna, meidyrðalöggjöf og lög um höfundarétt, lög sem fjalla um réttindi og skyldur rekstraráðila fyrirtækja og lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Þess vegna telst það óþarft að setja með þessum hætti fulltrúa stjórn málaafila í áhrifastöður þar sem stefnan er mörkuð.

Fyrsti minni hl. vill leggja áherslu á nauðsyn þess að almenningur fái að segja álit sitt um þetta mál og réttur hans til áhrifa verði tryggður. Jafnframt því, að skoðanir almennings komi fram og tjáningarfrelsi sé virt, er mikilvægt að fylgt sé reglunni um jafnan tíma hvað stjórn málaumræðu varðar í fjölmiðlum.

Fráleitt er að litið verði til frambúðar á auglýsingar í útvarpi sem nauðsynlegan en illan kost. Það ber að líta svo á að auglýsingar gegni því hlutverki að upplýsa almenning og á það við bæði um opinbera aðila og verslun og þjónustu.

Fyrsti minni hl. vill setja skörp skil á milli þess hvað talist getur frjáls rekstur og hringamyndun og leggur þess vegna til að eignaraðild og hlutdeild í útvarpsrekstri verði settar skorður að því er þetta eina atriði varðar.

Óhjákvæmilegt er að jafnaðarlega þurfi að fylgjast með hver þróunin verður innan lands sem utan og því gerir fyrsti minni hl. ráð fyrir nefnd til þeirra starfa er jafnframt hugi að nauðsynlegum breytingum.

Fyrsti minni hl. gerir ráð fyrir að stjórn Ríkisútvarpsins sé skipuð fulltrúum er sjái í stórum dráttum um rekstur, byggingarmál og útsendingar. Innan stofnunarinnar hlýtur aftur á móti að ríkja lýðræði meðal starfsmanna sem leiðir af sér aukið frumkvæði þeirra og sjálfstæði og meiri ábyrgðartilfinningu í dagskrárgerð. Þar skapast þetta andrúmsloft meðal annars vegna þeirra ákvæða sem fyrsti minni hl. gerir ráð fyrir að verði að lögum en í þeim

felst að útvarpsstjóri gerir með samþykki stjórnar Ríkisútvarpsins kjarasamninga við starfsmenn þess.

Fyrsti minni hl. leggur áherslu á mikilvægi þess að aðlögunartími þeirra aðila, er hugsa til þess að hefja útvarpsrekstur, verði sem jafnastur og sýnist þess vegna réttlátt að ákvæði laga þessara komi ekki til framkvæmda fyrr en 6 mánuðum eftir birtingu þeirra.

Alþingi, 19. febr. 1985.

Kristín S. Kvaran.